

**Nd.**

**32. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 26, 20. októbr. 1905, um váttrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kaптúna.

Flutningsmaður: Sveinn Ólafsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Brunabótasjóður bætir  $\frac{5}{6}$  alls þess brunaskaða á húsum, váttrygðum í sjóðnum, sem eiganda, konu hans eða nánustu erfingjum verður eigi kent um að hafa valdið með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og gildir það án tillits til byggingarefnis hússins, nema brunaskaði sje svo lítill, að ekki nemi 20 krónum í 2000 kr. húseign og meiri, eða 1% á minni húseignum, en þá skal eigandi hafa skaða óbættan. Til brunaskaða teljast skemdir á trygðum húsum, sem stafa af björgunartilraunum.

2. gr.

Orðið »erlendu« í síðustu málsgrein 4. gr. falli burt.

3. gr.

Í staðinn fyrir: »að  $\frac{2}{3}$  í húsi« í 5. grein laganna komi:  
að  $\frac{5}{6}$  í húsi.

4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Hvergi má tryggja þann sjötta hluta húsa, sem ekki er váttrygður samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Fyrsti málsliður 18. gr. orðist svo:

Í hinum sameiginlega brunabótasjóði skal endurtryggja helming þeirra fimm sjöttu hluta allra híbýla o. s. frv.

Ástæður fyrir frumvarpinu.

1. Misrjetti milli kaupstaða og sveita, sem fram kemur við samanburð framangreindra laga og laga um brunabótasjélag Íslands frá 1907, hverfur með frumvarpi þessu, ef að lögum verður.
2. Veðhæfi húsa í sveitum eykst að miklum mun og sveitabúum verður auðveldara en áður að neyta lánstrausts, ef trygt hafa eftir lögunum frá 1905.
3. Tryggingarleysi  $\frac{1}{3}$  húseigna í sveitum eftir lögunum frá 1905 hefir dreg-

ið úr áhuga á húsabótum, þar sem tryggingar vandaðra húsa hafa að eins fengist með ókjörum.

4. Brunahættan í sveitum verður að álitast minni en í kaupstöðum, þar sem sambrunar stórir geta komið fyrir, og því hættuminnna að tryggja þar  $\frac{5}{6}$  húseigna en í kaupstöðum.
5. Frumvarp þetta, sem ekki varð útrætt á síðasta þingi, en gekk gegn um 1. og 2. umræðu í neðri deild og stutt var af meðmælum landbúnaðar-nefndar deildarinnar þá, ætti að vera tímabært nú.